

## 6. fundur mánudaginn 27. september 2021

### Dagskrá:

1. Sameiningarmál.  
Bryndís Kjartansdóttir frá VR ( áður Verslunarfélag Suðurnesja) kom á fundinn í fjarfundi þar sem hennar félag sameinaðist VR fyrir ca. 2 árum. Var hún fengin til að segja frá þeirri upplifun við og eftir sameininguna.
2. Samtal við félagsmenn.  
Liður 1 og 2 teknir saman, fyrirhugað er að fá félagsmenn á fundi til kynningar á félaginu og kanna hug þeirra til sameiningar.  
María Dýrfjörð starfsmaður fór yfir samanburðartölur milli VR og FVSA vegna iðgjalda og styrkja. Í framhaldinu var umræða um sameiningarmál og samþykkt að fresta þessu í bili.
3. Framkvæmdir á orlofsíbúðum og orlofshúsum .  
Samþykkt að fresta breytingum á Illugastöðum. Búið er að undirrita kaupsamning vegna Húsafells.  
Skógarsel: Samþykkt að kaupa nýjar rúmdýnur ef ekki er ábyrgð á hinum. Einnig samþykkt að kaupa annan ísskáp þar.
4. LÍV þing.  
Fjarfundur 14. október n.k. Þáttakendur: Eiður Stefánsson, Jón G. Rögnvaldsson, Hulda Björnsdóttir, Stefán Jónsson og Agnes Reykdal.  
Varamenn: Anna María Elísdóttir og Halldór Óli Kjartansson.
5. Skemmtiferð með trúnaðaráð, trúnaðarmenn og aðra sem eru í stjórnunarstörfum hjá félaginu 22. október n.k.
6. Önnur mál.  
Tilboð hefur borist frá Enor ehf í bókhaldsþjónustu fyrir félagið, kr 385.000.- Tilboðið verður skoðað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.